



## Alþýðusamband Íslands

### Umsögn miðstjórnar ASÍ

um tillögu ASÍ-UNG um breytingu á 29.gr. laga ASÍ

Eftirfarandi tillaga barst frá ASI-UNG (viðbætur eru undirstrikaðar og það sem út fer yfirstrikað).

ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ ~~komi kemur saman sérstakt þing ASÍ-UNG ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ (ASÍ-UL).~~

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, á eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Þingið kys sér ~~formann og átta níu~~ mannsa í stjórn sem ~~skiptir sjálf með sér verkum, stýrir þingum ASÍ-UL og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjörgengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarfélaga ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri.~~

Stjórn ASÍ-UNG~~L~~ á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

Formaður ASÍ-UNG~~L~~ á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG~~L~~ með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.

Tillagan er rétt fram komin og á fundi miðstjórnar þann 29.8 2012 var fjallað um hana og eftirfarandi umsögn veitt sbr. 24. gr. laga ASÍ:

Efnislega er um að ræða þrjár meginbreytingar sem eru lækkun aldursmarka úr 18 í 16 ár, heimild til þess að senda aukafulltrúa með takmörkuð réttindi á á þing ASÍ-Ung og loks er lagt til að formaður verði kjörinn sérstakri kosningu í stað þess að stjórn skipti með sér verkum.

Lækkun aldursmarka Breyting þessi er í samræmi við þá almennu reglu innan aðildarsamtaka ASÍ að launafólk á aldrinum 16-18 ára getur orðið fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á þess að njóta hins vegar ekki kjörgengis til stjórnar fyrr en það er fjár síns ráðandi við 18 ára aldur. Breytingin gerir ráð fyrir að þingfulltrúar geti verð á aldrinum 16-35 ára meðan kjörgengi til stjórnar miðist við 18 ár. Miðstjórn geri engar athugasemdir við tillögu þessa.

Aukafulltrúar Samkvæmt 29.gr. laga ASÍ ber ASÍ kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ. Samkvæmt 26.gr. laga ASÍ ber hvert aðildarfélag kostnað af fulltrúum sínum ef frá er talinn lágmarks ferðakostnaður. Allur annar kostnaður við þing ASÍ er greiddur af ASÍ. Sú regla gildir jafnframt um sambandsþing að ekki er heimilt að senda til þeirra aukafulltrúa. Skv. 29.gr. laga ASÍ á hvert aðildarfélaga ASÍ rétt á 1 fulltrúa á þing ASÍ-UNG. Miðstjórn telur að það geti styrkt þing ASÍ-UNG og starfsemi gefist aðildarfélögunum tækifæri til þess að senda aukafulltrúa án atkvæðisréttar til þings en telur hins vegar að hvert og eitt aðildarfélag sem kys að

senda aukafulltrúa skuli bera sjálf allan kostnað af för hans, annan en þann aukakostnað sem til fellur vegna húsnæðis, prentunar og þess háttar. Miðstjórn leggur því til að viðeigandi málsgrein orðist svo:

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, á eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum ~~16~~35 ára. Aðildarfélögum er heimilt að senda **á eigin kostnað** einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Kosning formanns, miðstjórn geri engar athugasemdir við tillögu þessa.

Lagt er til að fjallað verði um þessa tillögu ASÍ-UNG með eftirtöldum hætti:

1. Tillagan verði kynnt undir liðnum „Lagabreytingar“ á þinginu.
2. Að lokinni kynningu og 1. umræðu verði tillögunni vísað til frekari umfjöllunar í laganefnd.